

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/434
komudagur 10.12.2001



FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík Sími 595 1111
ff@ki.is www.ki.is

Ályktun um fjárveitingar til framhaldsskóla og endurbætt reiknilíkan

Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara, haldinn á Grand Hótel Reykjavík þann 9. nóvember 2001, lýsir alvarlegum áhyggjum af fjárhagsstöðu framhaldsskóla en heildarhalli á rekstri þeirra hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 1995. Fundurinn bendir á að ekki verður við það unað að meirihluti framhaldsskóla í landinu búi við viðvarandi halla á rekstri sínum og telur sýnt að þetta ástand komi niður á skólastarfi í framhaldsskólum.

Fulltrúafundurinn minnir á að mikilvægur áfangi náðist á síðastliðnum vetri þegar samið var um verulega bætt dagvinnulaun kennara, námsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum. Kjarasamningnum fylgja metnaðarfull markmið um að laga skólastarfi í framhaldsskólum að breyttu umhverfi og breyttum kröfum m.a. vegna nýrrar aðalnámskrár, breyttra kennslubátta og viðhorfa í samfélaginu um rétt allra nemenda til þess að fá menntun við hæfi.

Veruleg hættu er á að markmið og fyrirheit um að styrkja stöðu framhaldsskóla í þessu breytta umhverfi og nýjum kjarasamningi verði aðeins orðin tóm ef ekki verður tryggt fé á fjárlögum strax á árinu 2002 til þess að framkvæma þær endurbætur á reiknilíkani fyrir framhaldsskóla sem nauðsynlegar eru og undirbúnar hafa verið í menntamálaráðuneyti.

Fulltrúafundurinn skorar á þingmenn allra flokka á Alþingi að fylkja sér um tillögur sem miða að því að styrkja stöðu framhaldsskólans og leggja til að aukið verði við fjárveitingar til framhaldsskólans þannig að rekstur framhaldsskóla verði í jafnvægi auk þess sem heildarfjárveiting til málaflokksins verði rýmkuð þannig að t.d. þurfi ekki að koma til niðurskurðar á liðum á borð við framkvæmd nýrrar skólastefnu og til þess að eðlilegt svigrúm sé til að bregðast við breyttum aðstæðum í framhaldsskólum sem um þessar mundir eru í deiglu mikilla breytinga og umskipta í starfi sínu.

Reykjavík, 12. nóvember 2001

Félag framhaldsskólakennara
Elna Katrín Jónsdóttir
formaður

Ályktun send: menntamálaráðherra
fjármálaráðherra
menntamálanefnd Alþingis
fjárlaganefnd Alþingis
formönnum þingflokka
fjölmiðlum.